

Dagsett. 4. apríl 2016.

Að gefnu tilefni vill Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands áréttá;

Þann 18. janúar sl. skilaði Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands til Reykjavíkurborgar/Stjórnkerfis- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar lokagerð úttekarskýrslu fyrir verkefni Betri Reykjavík og Betri hverfi. Áður, þann 8. desember 2015, höfðu fullbúin drög að skýrslunni verið send inn til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til yfirlestrar.

Á fyrri stigum úttektarverkefnisins sendi sérfræðingur, sem átti að vinna undir stjórn páverandi forstöðumanns Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála frá sér til verkbeiðanda, skjal í vinnslu, merkt trúnaðarmál, án vitundar og samráðs við forráðamenn stofnunarinnar. Innihald skjalsins stenst ekki þær faglegu kröfur sem stofnunin gerir, var ekki í samræmi við samþykktu verklýsingu aðila og byggði ekki á þeim gögnum sem aflað hafði verið. Þetta er harmað og áréttað að umrætt skjal var ekki sent í nafni Stofnunar Stjórnsýslufræða og stjórnmála og er ekki á hennar ábyrgð.

Með góðri kveðju, Sjöfn



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála
Institute of Public Administration and Politics

Sjöfn Vilhelmsdóttir

Forstöðumaður / Director

University of Iceland
Gimli 241 | Sæmundargötu 10, 101 Reykjavík, Iceland
Beinn sími/Direct tel. +354 525 5454 | GSM/Mobile +354 698 9683
sjofn@hi.is | www.stjornsyslustofnun.is | Tímarit/Web journal: www.irpa.is